



Nefndasvið Alþingis
Við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Rauðarárstígur 25, 105 Reykjavík
Sími: 545 9900, bréfasími: 562 2373
postur@utn.stjr.is, www.utn.stjr.is

Reykjavík, 2. maí 2016
Tilvísun: UTN16040122/04.F.001; 12.E.004
SHJ/bm

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla samstarf Íslands og Grænlands 145. löggjafarþing 2015-2016. Þingskjal 23 - 23. mál

Vísað er til erindis utanríkismálanefndar Alþingis til aðalræðisskrifstofunnar í Nuuk, dags. 2. mars 2016, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla samstarf Íslands og Grænlands, 23. mál.

Utanríkisráðuneytið vill í þessu sambandi taka fram að samband Íslands og Grænlands hefur á undanförunum árum verið styrkt til muna í kjölfar þess að Ísland opnaði aðalræðisskrifstofu í Nuuk í nóvember 2013. Opnun aðalræðisskrifstofunnar var í samræmi við ákvæði í stjórnarsáttmála um að unnið verði að því að Ísland verði leiðandi afl á norðurslóðum og virkur þátttakandi í vestnorrænu starfi, og undirbúningur hafinn að nýtingu tækifæra sem skapist með opnun siglingaleiða um norðurslóðir. Starfsemi aðalræðisskrifstofunnar hefur auðveldað Íslandi að efla tvíhliða tengsl við grænlenksku landstjórnina og viðskiptalíf þar í landi.

Við opnun aðalræðisskrifstofunnar undirrituðu þáverandi formaður landsstjórnar og utanríkisráðherra Grænlands og þáverandi utanríkisráðherra Íslands viljayfirlýsingu um aukið samstarf landanna tveggja, svokallaða Nuuk-yfirlýsingu. Með yfirlýsingunni komu íslensk og grænlenksk stjórnvöld á fót sameiginlegum vettvangi til að ræða samstarf landanna á ýmsum sviðum. Í henni er kveðið á um aukið samstarf milli landanna, s.s. á sviðum viðskipta, sjávarútvegs, dýraheilbrigðismála, heilbrigðismála, sjóflutninga, orkumála og menntamála.

Í Nuuk-yfirlýsingunni er kveðið á um að í því skyni að innleiða ákvæði hennar skuli reglulega haldnir fundir ráðherra eða háttsettra embættismanna landanna. Utanríkisráðherrar landanna hafa hist reglulega síðan, síðast í október 2015. Þá hafa verið haldnir tveir fundir háttsettra embættismanna landanna, sá fyrri í maí 2015 og sá síðari í síðasta mánuði. Á fundunum hefur m.a. verið farið yfir núverandi samstarf og möguleika á að efla það á hinum ýmsu sviðum. Á fundi embættismanna í síðasta mánuði voru þannig lögð drög að því að setja á laggirnar starfshóp skipaðan fulltrúum landanna til að efla samvinnu á sviði flugmála, meðal annars

hvað varðar flugumferðarstjórn og samvinnu milli flugvallayfirvalda og tollyfirvalda á flugvöllum í löndunum tveimur.

Í þessu sambandi má einnig nefna að ráðherranefnd um málefni norðurslóða var sett á fót 2013. Í nefndinni sitja forsætisráðherra, utanríkisráðherra, innanríkisráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra og starfar sérstakur tengiliðahópur fyrrgreindra ráðuneyta á vegum nefndarinnar. Fyrir frumkvæði nefndarinnar hefur verið unnið að mati á hagsmunum Íslands á norðurslóðum sem ætlað er að styrkja stefnumótun og hagsmunagæslu íslenskra stjórnvalda í málefnum norðurskautsins og norðurslóða almennt.

Þingsályktun um málefni norðurslóða var samþykkt í mars 2011 og í fimmta lið ályktunarinnar er lögð áhersla á að „styrkja og auka samstarf við Færeyjar og Grænland með það fyrir augum að efla hag og pólitískt mikilvægi landanna þriggja“. Margir af þeim tólf liðum sem umrædd þingsályktun samanstendur af tengjast Grænlandi með beinum eða óbeinum hætti, má þar nefna áherslu á réttindi frumbyggja, baráttu gegn loftslagsbreytingum og öryggishagsmuni á norðurslóðum.

Á vettvangi Norðurskautsráðsins er unnið að fjölmörgum verkefnum sem snerta sameiginlega hagsmuni Íslands og Grænlands, í því sambandi má nefna samstarf um málefni hafsins og vöktun á lífríki norðurslóða. Innan ráðsins er m.a. starfandi sérstakur verkefnahópur um málefni hafsins og eins tengjast mörg verkefni því starfi sem vinnunefnd ráðsins um málefni hafsins (PAME) sinnir. Má þar nefna stefnumótunina „Arctic Marine Strategic Plan 2015-2025“ og rammaáætlun um sérstök verndarsvæði í hafinu.

Aukin alþjóðleg athygli á norðurslóðir og vaxandi vægi Norðurskautsráðsins gefur Íslandi og Grænlandi tækifæri á að ræða samstarf og samvinnu þegar kemur að málefnum norðurslóða við æ fleiri aðila. Norðurskautsráðið hefur haft frumkvæðið að gert tveggja lagalega bindandi samninga og er sá þriðji um aukna vísindasamvinnu í burðarliðnum. Sérstakt viðskiptaráð Norðurslóða hefur verið stofnað, sem og samstarfsvettvangur um löggjöf og eftirlit í olíu- og gasiðnaði og eins hefur verið stofnaður samstarfsvettvangur strandgæslu ríkja Norðurskautsráðsins.

Í þingsályktunartillögu þeirri sem nú liggur fyrir Alþingi er lýst stuðningi við þau skref sem Grænland hefur tekið á undanförunum árum til aukinnar sjálfstjórnar og ríkisstjórninni falið að efla tengsl og samvinnu milli Íslands og Grænlands með ýmsum hætti, eins og tilgreint er í staflíðum a-o í tillögunni. Utanríkisráðuneytið telur þær tillögur sem þar koma fram mjög jákvæðar og til þess fallnar að stuðla að auknum og bættum samskipta milli landanna tveggja, enda sé gagnkvæmur vilji hjá löndunum tveimur til að framkvæma þær. Ráðuneytið vill þó setja þann almenna fyrirvara að mörg þeirra verkefna sem mælt er fyrir um í tillögunni falla undir verkefnasvið annarra ráðuneyta og erfitt fyrir ráðuneytið að leggja mat á einstakar tillögur til aukins samstarfs á sviðum viðkomandi ráðuneyta eða undirstofnana þeirra.

Jafnframt er rétt að taka fram að nú þegar fer fram samstarf við Grænland á ýmsum þeirra sviða sem tilgreind eru í þingsályktunartillögunni. Að mati ráðuneytisins verður ekki annað séð en að þær tillögur um samstarf sem fram koma í einstökum staflíðum þingsályktunartillögunnar falli ágætlega að núverandi samstarfi og skerpi á áherslum hvað varðar aukið samstarf milli landanna í framtíðinni.

Hvað varðar einstaka staflíði þingsályktunartillögunnar má nefna eftirfarandi:

a-liður:

Í a-lið þingsályktunartillögunnar er ríkisstjórninni falið að vinna að gerð samkomulags sem tryggi fullt tollfrelsi varðandi sölu varnings og þjónustu og jafnhliða verði unnið að því að ryðja öðrum hindrunum úr vegi greiðra viðskipta og þátttöku í atvinnulífi.

Í þessu sambandi skal tekið fram að á fundum embættismanna á grundvelli Nuuk-yfirlýsingarinnar hefur verið rætt um möguleika á nánari viðskiptalegum tengslum milli landanna, annaðhvort með aðild Grænlands að Hoyvíkursamningi Íslands og Færeyja eða með sérstökum tvíhliða fríverslunarsamningi milli Íslands og Grænlands er kæmi í stað núgildandi samnings frá árinu 1985 um viðskipti milli Íslands og Grænlands.

Á fundunum hefur komið fram að grænensk stjórnvöld hafa að undanförmu verið að framkvæma heildstæða úttekt á möguleikum landsins til að fá fríðindameðferð fyrir útflutningsafurðir sínar á erlendum mörkuðum. Telja embættismenn landsins ekki tímabært að ræða möguleika á nánari viðskiptatengslum við Ísland fyrr en niðurstaða þeirrar úttektar liggur fyrir.

Jafnframt hefur komið fram að Grænendingar eru ekki reiðubúnir til að gerast aðili að Hoyvíkursamningnum og telja tvíhliða viðskiptasamning við Ísland aðgengilegri valkost. Hafa grænenskir embættismenn tiltekið í þessu sambandi að þeir séu ekki tilbúnir til að ganga jafn langt í opnun eigin markaðar gagnvart íslenskum aðilum og gert er með gagnkvæmum hætti í Hoyvíkursamningnum, einkum hvað varðar þjónustuviðskipti og opinber innkaup. Grænenskir embættismenn upplýstu hins vegar á fundi í síðasta mánuði að þeir séu nú tilbúnir til að hefja vinnu við greiningu á sameiginlegum ávinningi að vestnorrænum fríverslunarsamningi og vestnorrænu viðskiptaráði, sbr. þingsályktun Alþingis, dags. 16. mars sl.

Að öðru leyti má nefna að sem kunnugt er hafa Grænendingar kvartað undan því hve þungt er í vöfum fyrir grænenska ferðamenn að taka kjötvörur með sér hingað til landsins á leið þeirra áfram til annarra landa s.s. Danmerkur. Á undanförmum mánuðum hefur vinnuhópur á vegum íslenskra stjórnvalda unnið að tillögum um breytta framkvæmd við tollframkvæmd hér á landi sem geri grænenskum ferðamönnum kleift í slíkum tilvikum að taka kjötvörur með sér inn til landsins, enda hafi þeir vörurnar með sér við brottför. Búast má við breyttri framkvæmd hvað þetta varðar á næstunni.

Að lokum má nefna, hvað varðar ráðstafanir til að greiða fyrir og auka viðskipti milli landanna, að Íslandsstofa hefur staðað að skipulagningu á árlegri kaupstefnu sem haldin hefur verið í Nuuk síðustu sex ár. Kaupstefnan er samstarfsverkefni Íslandsstofu, aðalræðisskrifstofu Íslands í Nuuk, Grænensk-íslenska viðskiptaráðsins og Flugfélags Íslands. Hafa á bilinu 10-30 íslensk fyrirtæki og stofnanir árlega tekið þátt í kaupstefnunni.

b-liður:

Í b-lið er kveðið á um aukin tengsl milli yngstu kynslóða þjóðanna, m.a. með sam-eigin-legum verkefnum á leikskóla-, grunnskóla- og fram-haldsskólastigi og að slíkt samstarf verði stutt af Grænlandssjóði. Í því sambandi vill ráðuneytið upplýsa að samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu er frumvarp til nýrra laga um Grænlandssjóð, er koma munu í stað núgildandi laga nr. 102/1980, fullbúið og bíður framlagningar. Með þeim breytingum sem lagðar verða til í umræddu frumvarpi er stefnt að

Því að unnt verði að hefja á ný greiðslur styrkja úr sjóðnum, en ekki hafa verið veittir styrkir úr honum frá árinu 2011.

Hér er rétt að geta þess að skákfélagið Hrókurinn hefur undanfarin ár unnið mikið starf í Grænlandi, sem m.a. hefur falið í sér samstarf við skóla og aðrar stofnanir sem vinna að málefnum barna. Háskólinn á Akureyri hefur einnig stuðlað að samstarfi við grænlenskar menntastofnanir, m.a. með gagnkvæmum heimsóknum bæði háskóla- og menntaskólanema. Aðalræðisskrifstofan hefur á undanförunum árum stutt starfssemi beggja aðila.

c-liður:

Í c-lið er kveðið á um aukið samstarf háskóla landanna, m.a. með gagnkvæmri viðurkenningu á námskeiðum til lokaprófs, stofnun íslensks sjóðs sem styrki sam-eigin-leg rannsóknaverkefni ungra fræðimanna á sviði norðurslóða og gagnkvæma möguleika til að stunda gestakennslu og starfsþjálfun. Í þessu sambandi má nefna að í gildi er samstarfssamningur Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði mennta- rannsókn- og menningarmála frá 2003, sem leysti af hólmi eldri samning frá 1986. Samningurinn er nú í endurskoðun og liggja fyrir drög sem yrði með tímamörkum og myndi gilda í 3-4 ár í senn. Vinna við nýja samninginn er nú á lokametrunum og er stefnt að því að ráðherrar landanna undirriti hann í maí.

d og e-liðir:

Í d- og e-liðum er kveðið á um samstarf á sviði sjávarútvegs sem og rannsóknssamstarfs, m.a. á sviði hafrannsóknna. Í því sambandi er rétt að upplýsa að samstarf milli landanna á sviði fiskveiða og hafrannsóknna hefur aukist verulega undanfarin ár. Árlega er haldinn fundur sameiginlegrar nefndar landanna á sviði fiskveiða, þar sem m.a. er farið yfir stöðu sameiginlegra fiskistofna, skipst á gögnum um veiði og fjallað um vísindasamstarf þjóðanna og samstarf þeirra á alþjóðavettvangi á sviði sjávarútvegs. Á árinu 2014 gerðu Hafrannsóknastofnun og Umhverfisstofnun Grænlands jafnframt með sér samkomulag um samstarf og samvinnu sín á milli á sviði sjávarútvegs og hafrannsóknna.

Þá má geta þess að aðalræðisskrifstofan í Nuuk efndi á síðasta ári til námskeiða á Íslandi fyrir grænlenska sjávarútvegsmenn, sem ætlað var að kynna sérstaklega nýjungar í sjávarútvegi sem gætu nýst Grænlandingum. Námskeiðin voru haldin af Íslenska sjávarklasanum og Mátis með fjárstuðningi utanríkisráðuneytisins. Til skoðunar er að halda þessu starfi áfram í samvinnu við stjórnarráð Grænlands.

f-liður:

Í f-lið er kveðið á um samkomulag milli samtaka atvinnulífs landanna um tímabundið starfsnám. Í því sambandi er rétt að upplýsa að aðalræðisskrifstofan í Nuuk hefur undanfarin ár boðið upp á starfsnám fyrir unga Grænlandinga á Íslandi, fyrst í samvinnu við fyrirtækin Verkís, Mannvit, Ístak, Brim og Flugfélag Íslands og á þessu ári bættust Landspítalinn og Íslenskir fjallaleiðsögumenn við en Mannvit hvarf úr hópnum. Nokkrir Grænlandingar hafa þegar farið til Íslands á grundvelli verkefnisins. Ráðuneytið telur verkefni af þessu tagi afar vel til þess fallin að auka þekkingu ungra Grænlandinga á Íslandi og stuðla að auknum samskiptum við Grænland.

g-liður:

Í g-lið er kveðið á um úttekt á mögulegri samvinnu á sviði læknis- og heilbrigðisþjónustu. Í því sambandi skal nefnt að ágætt samstarf hefur verið á milli Íslands og Grænlands á sviði

heilbrigðismála. Ráðuneyti heilbrigðismála í löndunum tveimur gerðu á árinu 2010 samning um formlegt samstarf sem m.a. felst í árlegum fundum samráðsnefnda landanna tveggja. Jafnframt gerðu ráðuneyti heilbrigðismála á Íslandi, í Grænlandi og í Færeyjum samstarfssamning árið 2014 þar sem m.a. er mælt fyrir reglulegum samráðsfundum ráðherra heilbrigðismála frá löndunum þremur. Einnig má nefna að grænlenskir sjúklingar hafa um áratugaskeið verið fluttir til landsins vegna slysa og bráðra veikinda, svo og vegna tiltekinna aðgerða, auk þess sem samstarf hefur verið milli Háskólans á Akureyri og heilbrigðisstarfsfólks frá Grænlandi um endurmenntun.

h-liður:

Í h-lið er kveðið á um eflingu samstarfs um ferðaþjónustu með því að gera Grænland að áfangastað ferðamanna sem koma til Íslands. Í þessu sambandi má má geta þess að á fundi embættismanna í apríl kom fram að Grænendingar líta á ferðaþjónustuna sem mikilvægasta samstarfsflöt Íslands og Grænlands á næstu árum. Þá munu fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun flugbrauta í Nuuk og í Ilulissat og byggingar nýrra flugvalla í Ittoqqortoormiit, Tasiilaq og Qaqortoq á næstu árum án efa styðja við vöxt ferðaþjónustunnar þar í landi og opna á tækifæri fyrir íslenska flugrekendur og ferðaþjónustuaðila. Í því samhengi má nefna að Ísland hefur kallað eftir því að loftferðasamningur ríkjanna verði endurskoðaður og að þau flugréttindi sem samið var um árið 2011 verði útvíkkuð enn frekar til þess að unnt verði að efla farþega- og fraktflutninga á milli landanna sem og á milli áfangastaða innan þeirra (innanlandsflug).

Meginhlutverk Ferðamálasambands Norður-Atlantshafsins (NATA) er að móta sameiginlega stefnu í ferðamálum fyrir svæðið Grænland, Ísland og Færeyjar, skipuleggja sameiginlegt markaðsstarf og styrkja ýmis verkefni sem efla ferðaþjónustuna innan þess, t.d. með því að skipuleggja ferðakaupstefnur (Vestnorden). Verður hún næst haldin á Íslandi í október 2016. Íslandsstofa tekur þátt í þessu starfi sem og Ferðamálastofa. Þess má geta að aðalræðisskrifstofa Íslands í Nuuk hefur skipulagt verkefni sem kallað er “Bandswap”, sem gengur út á að flytja árlega grænlenska hljómsveit til Íslands og íslenska hljómsveit til Grænlands. Er hugmyndin að áhangendur hljómsveitanna noti tækifærið og ferðist á milli landanna af þessu tilefni. Samstarfsaðilar aðalræðisskrifstofunnar eru Flugfélag Íslands og Katuaq, menningarhúsið í Nuuk. Á grundvelli þess að verkefnið myndi stuðla að ferðamennsku á milli landanna, veitti NATA verkefninu veglegan styrk árið 2015.

